

Íslenska 4.bekkur 2022-2023

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

4

Lýsing

Heildstæð íslenska - mikil áhersla lögð á lestur og lesskilning.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Íslenskutímar í 4.bekk eru 8 talsins. Tvisvar í viku er samkensla með 3.bekk þar sem ritun er í forgangi.

Íslenskukennslan deilist í fjórar höfuðáttir: Lestur, skrift, talað mál og hlustun.

Mikil áhersla er lögð á lestur og lestrarþjálfun. Nemendur eru almennt látnir lesa í skólanum og mikil áhersla er á þjálfun heima fyrir. Lesið er fyrir nemendur á hverjum degi - ca. 10-15 mínútur í senn og umræða um efnið ef tækifæri gefst til.

Nemendur kynnast einnig undirstöðuatriðum í ritun og framsetningu texta. Nemendur æfa skrift a.m.k. 10-15 mínútur daglega.

Nemendur kynnast nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræðum og læra að staðsetja þau í eigin skrifum. Nemendur læra nokkur grunnhugtök í íslenskri málfræði og læra að beita þeim í eigin textum.

Námsaðlögun

Ef sýnt er að nemendur ráði ekki við það efni sem sett er fram hverju sinni er umfang þess minnkað og það útskýrt ítarlegar. Nemendur hafa aðgang að stuðningsfulltrúa í nánast öllum tímum sem sinnir þeim sem þess þurfa.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VHLS - Íslenska fyrir 4. bekkur

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Stjörnumerkt einkunn

VHLS - Íslenska fyrir 4. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

VHLS - Íslenska fyrir 4. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Kannist við ólíkar gerðir sagna.
- Hafi þekkingu á rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Vinnusemi og vandvirkni.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

VHLS - Íslenska fyrir 4. bekkur - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum.

- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

VHLS - Íslenska fyrir 4. bekkur - Málfræði

- Þekki lýsingarorð.
- Þekki nafnorð.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Þekkt bókstafi, hljóð, orð og samsett orð.
- Þekki ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Kunni skil á setningum og málsgreinum.
- Þekki sagnorð.

VS íslenska 3.-4.b.

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Hæfnieinkunn (A*-D*)
- Geti nýtt sér efni á rafrænu formi og endursagt kjarna þess.
- Geti bætt greini við nafnorð og stafsett rétt með hjálp orðanna minn og mín.
- Geti fundið nútíð og þátíð sagnorða.
- Þjálfist í upplestri fyrir litlu upplestrarkeppnina, beitir þar skýrum og áheyrilegum framburði.
- Geti aflað sér upplýsinga úr bókum og af veraldarvefnum og nýtt upplýsingarnar í vinnu.

- Geti fallbeygt nafnorð og þekkir heiti falla.
- Þekki sagnorð og kunni skil á mismunandi hlutverki þeirra.
- Sýni virka hlustun, áhuga og kurteisi.
- Geti lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Geti stigbreytt lýsingarorð.
- Þekki lýsingarorð og kunni skil á mismunandi hlutverki þeirra.

VS íslenska 3.-4.b. - Talað mál, hlustun og áhorf

- Geti sagt frá eftirminnilegum atburði með eðlilegri framvindu.
- Geti endursagt efni sem hefur verið lesið, hlustað á eða horft og greint frá upplifun sinni.
- Geti tjáð skoðanir sínar.
- Tileinki sér þær reglur sem gilda í samræðum s.s. að skiptast á, grípa ekki fram í, hlusta og taka eftir.
- Geti átt góð samskipti.
- Geti greint frá upplifun sinni eftir að hafa hlustað eða horft á leikið efni, ljóð og söngva.

VS íslenska 3.-4.b. - Lestur og bókmenntir

- Geti lesið lipurt og skýrt.
- Geti nýtt orðaforða sinn til að álykta um efni texta.
- Tengi þekkingu sína við lesefni til að ná merkingu þess.
- Geti valið sér lesefni sem hæfir áhuga og getu.
- Geti lesið sér til ánægju.
- Þekki hugtakið söguþráður.
- Ná lesfímiviðmiðum að vori.
- Geti lesið fjölbreytt efni við hæfi, s.s. sögur, ljóð og ævintýri.
- Þekki og geti rætt um söguþráð, boðskap og umhverfi í texta.

- Kannist við fáein hugtök í bragfræði, s.s. rím, kvæði og vísa. .

VS íslenska 3.-4.b. - Ritun

- Geti skrifað skýrt og læsilega.
- Noti upphaf, meginmál og niðurlag við ritun texta.
- Geti samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn eða ljóð.
- Geti notað einfaldar stafsetningarreglur við ritun texta, s.s. stóran staf í upphafi málsgreinar, stóran staf í sérnöfnum og punkt í lok málsgreinar.
- Geti skrifað fjölbreyttan texta, s.s. fréttir, sendibréf, boðskort eða frásögn og leyft öðrum að njóta skrifanna.
- Þekki og vinnur með mismunandi textagerðir, s.s. fréttir, frásögn og auglýsingar úr bókum, blöðum og af veraldarvefnum.
- Geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

VS íslenska 3.-4.b. - Málfræði

- Geti raðað í stafrófsröð.
- Geti nýtt sér stafrófið til leitar og við skipulag.
- Þekkir nafnorð og kunni skil á mismunandi hlutverki þeirra.
-
- Geti búið til málsgrein í texta.
- Þekki muninn á sérnöfnum og samnöfnum.
- Geti leikið sér með orð og merkingu þeirra með því að fara í orðaleiki.
- Þekki sérnöfn og samnöfn.
- Geti fundið kyn og tölu nafnorða.